

Leiðbeiningar vegna tillagna sveitarstjórna um sérreglur vegna byggðakvóta

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2021/2022 er að finna í reglugerð nr. 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2021/2022. Einnig getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga og getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórna sem víkja frá ákvæðum í almennu reglunum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð á tillögum sveitarstjórna er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um fjögurra vikna frest fyrir sveitarstjórnir til að skila tillögum og ákvæði um kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórna á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta til fiskiskipa í byggðarlaginu að grunni til eftirfarandi:

Málsmeðferð sveitarstjórnar

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna úthlutunar byggðakvóta til fiskiskipa. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er í fundargerð um málið.

Afgreiðsla ráðuneytis

1. Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu með áritun sveitarstjórnar eða meðfylgjandi fundargerð.
2. Ráðuneytið móttækur erindi og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
3. Kynning á tillögum sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga.
4. Ráðuneytið móttækur athugasemdir vegna tillögu sveitarfélags og undirbýr kynningu á athugasemdum.
5. Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarfélags. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta.
6. Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að víkja frá skilyrðum á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.
7. Ráðherra staðfestir (eða hafnar) tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
8. Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu.
9. Auglýsing sérreglna send Stjórnartíðindum til birtingar.
10. Ráðuneytið sendir Fiskistofu staðfestar sérreglur.

Auglýsing og afgreiðsla Fiskistofu

Fiskistofa auglýsir í framhaldinu byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlag til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef svo á við.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áforma að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra. Athugið að ekki er nauðsynlegt að tillögur sveitarstjórna feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávik eða breytingu að ræða á ákvæði tiltekinnar gr.

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022	
Sveitarfélag:	Hér skal rita nafn sveitarfélags.
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:	Hér skal tilgreina hvaða byggðarlag tillaga sveitarfélags varðar. Ef um er að ræða tillögu sem varðar fleiri en eitt byggðarlag innan sama sveitarfélags skal tilgreina hvaða byggðarlög er um að ræða.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Hér skal rita dagsetningu á samþykkt sveitarstjórnar á tillögu að sérreglum sem send er ráðuneytinu. Jafnframt skal senda afrit af fundargerð sveitarstjórnar þar sem ákvörðun vegna tillagna að sérreglum er samþykkt til ráðuneytisins.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni.